

Nd.

89. Frumvarp til laga

[80. mál]

um breyting á lögum nr. 19 14. febr. 1951, um sveitarstjóra.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Garðar Halldórsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „500 íbúar“ í 1. gr. laganna komi: eða atvinnurekstur er svo mikill, að störf oddvita séu að dómi ráðuneytisins mun meiri en almennt gerist.

2. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef tveir hreppar eða fleiri, sem hafa samtals fleiri en 500 íbúa, koma sér saman um að ráða einn sveitarstjóra sameiginlega, er þeim það heimilt. Fer sveitarstjóri þá með stjórn og framkvæmd mála hvers hrepps á þann hátt, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður, og á sæti á fundum hennar samkvæmt 6. gr. Um sveitarstjóra, sem ráðinn er á þennan hátt, gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 19 1951 var hreppum, sem hafa fleiri íbúa en 500, heimilað að ráða sér sveitarstjóra, og hafa margir þeirra notfært sér þá heimild. En vafamál er að miða við íbúafjöldann einan. Til eru t. d. hreppar, sem hafa 500 íbúa eða færri, þar sem svo er ástætt, að fjöldi aðkomufólks dvelst þar tíma úr árinu vegna atvinnu sinnar. Atvinnurekstur sá, sem þar er um að ræða, og fjöldi aðkomufólksins hefur í för með sér mikil umsvif fyrir oddvita. Þá eru þess dæmi, að hreppar, sem hafa 500 íbúa eða færri, hafa með höndum framkvæmdir og rekstur fyrirtækja, sem oddviti þarf að hafa umsjón með. Þykir því rétt að bæta við 1. gr. laganna ákvæði þess efnis, að ráðuneytið geti heimilað hreppsnefnd að ráða sveitarstjóra, þar sem atvinnurekstur er svo mikill, að störf oddvita séu að dómi ráðuneytisins mun meiri en almennt gerist, þótt hreppurinn hafi ekki fleiri íbúa en 500. Þar sem svo stendur á, er líklegt, að sveitarstjóra yrðu falin ýmis störf, sem hreppurinn ella þyrfti að greiða fé fyrir sérstaklega eða vel gætu samrýmt aðalstarfinu, þótt ekki væru þau beinlínis á vegum hreppsnefndar. Þyrfti ráðning sveitarstjóra þá ekki að hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir hreppinn. En mikill ávinningur gæti verið að hafa í hreppnum mann, sem gæti gefið sig eingöngu að opinberum störfum af þessu tagi.

Það vita þeir, sem til þekkja, að störf oddvita fara stöðugt vaxandi, m. a. vegna margs konar upplýsingasöfnunar og skýrslugerðar, sem þeim er ætluð. En þeir, sem veljast til oddvitastarfs, verða yfirleitt að sinna því sem aukastarfi og hafa oft lítinn tíma til þess. Uppi hafa verið raddir um að leysa þennan vanda með því að sameina hreppa. En ekki mun það mælast vel fyrir að svipta núverandi hreppsfélög sjálfstæði sínu og yfirleitt ekki ástæða til slíks. Hitt má telja sanngjarnt og eðlilegt, að leyfa þeim hreppum, sem það kynnu að vilja, að ráða sér í félagi sameiginlegan starfsmann til að hafa á hendi það, sem vinna þarf utan funda, án þess að vald hinna einstöku hreppsnefnda eða sjálfstæði væri í nokkru skert. Sveitarstjóri mundi þá hafa aðsetur eftir samkomulagi, en mæta á fundum þeim, sem hver hreppsnefnd héldi, og taka þar við fyrirmælum hennar. Hann mundi og afla þeirra gagna, er hreppsnefndirnar þurfa á að halda, er þær taka afstöðu til mála. Kaupgreiðslu til sveitarstjóra yrðu hreppsfélögin svo að skipta á milli sín með samkomulagi, um leið og ráðning er ákveðin. Rétt þykir að setja það skilyrði til samræmis, að hlutaðeigandi hreppar hafi fleiri en 500 íbúa samtals.

Þó að heimild sú, sem hér er um að ræða, um að ráða sveitarstjóra í félagi, verði að líkindum ekki mikið notuð fyrst um sinn, gæti hún e. t. v. einhvers staðar orðið til hagræðis nú þegar. Ef hún verður leidd í lög, er jafnframt dregið úr þeirri hættu, að menn, sem bezt eru færir um að vera oddvitar, skorist undan því vegna annríkis að taka að sér þessa trúnaðarstöðu.